UNGMENNASAMBAND
KJALARNESÞINGS

# ÁRSSKÝRSLA



# 1970

# Á R S S K Ý R S L A

1970

Útgefandi: Ungmennasamband Kjalarnesþings

Forsíðumynd er af knattspyrnuliði Breiðabliks sem vann sig upp í 1. deild á árinu.

# ÁRSSKÝRSLA

## Ungmennasambands Kjalarnesþings

## 1970

1. **47. ársþing U.M.S.K.**

47. ársþings U.M.S.K. var haldið í Hlégarði í Mosfellsv. þann 9.nóv. 1969. Annaðist U.M.F. Afturelding um alla fyrirgreiðslu á þingstaðnum. 33 fulltrúar voru mættir á þinginu frá öllum sambandsfélögum. Formaður sambandsins setti þingið og bauð hann gesti þingsins velkomna, en þeir voru Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í., Hermann Guðmundsson framkv.stj. Í.S.Í., Sveinn Björnsson, stjórnarmaður Í.S.Í.og Gunnlaugur Briem, stjórnarmaður Í.S.Í. Fluttu þeir fréttir af starfsemi síns félags.

Á þinginu voru afhent verðlaun fyrir íþróttir og félagsmálast. Var Sigurði Skarphéðinssyni veitt verðlaun fyrir félagsmálastörf., Kristínu Jónsdóttur voru veitt verðlaun fyrir titilinn " besti íþróttam. ársins ", auk þess var ýmsu íþróttafólki öðru veitt verðlaun fyrir unnin afrek.

Ekki verður nánar greint frá störfum þingsins hér, en vísast til þinggerðar.

Stjórn sambandsins á síðasta starfsári var þannig skipuð:

| | | |
|---|---|---|
| Formaður: | Pétur Þorsteinsson | Mosfellssveit |
| Varaformaður: | Stefán Ágústsson | Seltjarnarnesi |
| Gjaldkeri: | Guðm. Gíslason | Kjós. |
| Ritari: | Ingólfur Ingólfsson | Kópavogi |
| Meðstjórnendur: | | |
| | Ólafur Friðriksson | Kjalarnesi |
| | Sigurður Sófusson | Garðahreppi |
| | Sveinbjörn Guðmundss. | Bessastaðahr. |
| Varamenn: | Birgir Sigurðsson | Mosfellssveit |
| | Benóný Pétursson | Seltjarnarnesi |
| | Eggert Ólafsson | Kjalarnesi |
| | Þórir Hermannsson | Kjós |
| | Pálmi Gíslason | Kópavogi |
| | Sveinbj.Sveinbj.son | Bessastaðahr. |
| | Einar Guðmundsson | Garðahreppi |
| Endurskoðendur: | | |
| | Lárus Halldórsson | Mosfellssveit |
| | Ólafur Ág.Ólafsson | Kjós |
| Íþróttadómstóll: | | |
| | Tómas Lárusson | Mosfellssveit |

## 2. Fundir og þing.

Stjórnarfundir voru haldnir nokkurn vegin reglulega 1. þriðjudag í mánuði hverjum. Vegna fjárvista stjórnarmann raskaðist þetta þó seinni hluta starfsárs enda þurfti þá og að halda fundi oftar og á öðrum tímum vegna ákveðinna verkefna.

Nokkra erfiðleika orsakaði að ritari félagsins, Ingólfur Ingólfsson, hvarf af landi brott til náms síðari hluta sumars svo og að framkvæmdastjóri sambandsins gerðist kennari austur á Eiðum, þannig að hann átti ekki kost á að aðstoða við undirbúning ársskýrslu og þings, svo sem ætla má að hann hefði gjört ef hann hefði verið nálægari.

Fulltrúar voru sendir á þing nær allra sérsambanda auk þess sem formaður sambandsins sótti formannaráðstefnur Í.S.Í., U.M.F.Í. og þing Íþróttasambands ásamt þeim Gesti Guðmundssyni og Jóni M. Guðmundssyni, en hann ver kjörinn í varastjórn Í.S.Í. á þessu þingi.

## 3. Sambandsaðilar:

Innan vébanda U.M.S.K. starfa nú 7 ungmenna- og íþróttafélög, með samtals **1278** félagsmenn;

| Félag | Stofnað | Félagsmenn |
|---|---|---|
| 1. Umf. Bessastaðahrepps<br>Formaður: Helga Guðmundsd. | 1939 | 30 |
| 2. Umf. Stjarnan<br>Formaður: Sigurður Sóphusson | 1960 | 117 |
| 3. Umf. Breiðablik<br>Formaður: Gestur Guðmundsson | 1950 | 520 |
| 4. Íþróttafélagið Grótta<br>Formaður: Stefán Ágústsson | 1967 | 288 |
| 5. Umf. Afturelding<br>Formaður: Birgir Sigurðsson | 1909 | 154 |
| 6. Umf. Kjalarness<br>Formaður: Ólafur Friðriksson | 1938 | 31 |
| 7. Umf. Drengur<br>Formaður: Hreiðar Grímsson | 1915 | 138 |
| | Félagar alls | 1278 |

## 4. Útbreiðslu og leiðbeinendastarfssemi.

Mikið átak var gert í útbreiðslu frjálsra íþrótta innan Sambandsins. Var reynt að koma á föstum æfingum og námskeiðum í frjálsum íþróttum hjá öllum Sambandsfélögunum. Þetta tókst mjög vel og má segja að í fyrsta skipti hafi íþróttir verið stundaðar að marki hjá öllum félögunum samtímis. Sú nýbreytni var tekin upp í sambandi við héraðshátíðina, að hafa keppni í frjálsum íþróttum milli barna á aldrinum 10-13 ára, vakti þetta mikinn áhuga þeirra ungu. Má segja að þetta hafi brotið blað í sögu U.M.S.K. því nú í fyrsta skipti í mörg ár áttu öll félög á sambandssvæðinu sína fulltrúa í íþróttakeppni héraðshátíðarinnar.

Þann 20. september hófst á vegum sambandsins leiðbeinendanámskeið í frjálsum íþróttum. Námskeiðið stendur væntanlega yfit til áramóta. Kennari er dr. Ingimar Jónsson.

## 5. Frjálsar íþróttir.

Áhugi á frjálsum íþróttum fer stöðugt vaxandi innan U.M.S.K., og hefur sambandið sennilega aldrei verið sterkara á þessu sviði íþróttanna, en á þessu ári. Það yrði of langt mál, ef rekja ætti hér þáttöku íþróttafólksins í hverju einstöku móti, en getið verður þátttöku í stærstu mótunum, svo og frammistöðu þeirra einstaklinga, sem sköruðu fram úr á árinu.

Frjálsíþróttafólkið tók þátt í öllum helztu mótum á landinu, sem það hafði aðgang að. Síðastliðinn vetur tók íþróttafólkið þátt í ýmsum mótum, svo sem Meistaramóti Íslands innanhúss o.fl. Ber það hæztárangur Trausta Sveinbjörnssonar í langstökki án atrennu, 3,23m sem færði honum Íslandsmeistaratitilinn í greininni. Þar sigraði hann hinn fræga kappa Jón Þ. Ólafsson Í.R. sem hefur verið ósigrandi í þessari grein undan farin ár. Þá náðu þeir Karl West og Hafsteinn Jóhannesson mjög góðum árangri í hástökki innan húss. Karl setti U.M.S.K. met, 1,85 m, en Hafsteinn stökk hæzt 1,83 m. Af árangri kvenfólksins innan húss ber hæzt langstökk Hafdísar Ingimarsdóttur, 4,61 m, en það er U.M.S.K. met innanhúss. Að öðru leiti má segja að veturinn hafi að mestu farið í undirbúning íþróttafólksins fyrir átökin í mótum sumarsins. Frjálsíþróttadeild Breiðabliks gekkst fyrir skipulögðum æfingum í Kópavogi og í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi. Flestum æfingunum stjórnaði Þórður Guðmundsson, en einnig leiðbeindi Jóhannes Sæmundsson íþróttakennari á nokkrum æfingum. Það sem helzt má finna að þessari vetrarstarfsemi er hversu lítil áherzla var lögð á þjálfun kvenfólksins, þegar tillit er tekið til þess, að hér er um að ræða sterkasta kvennalið í frjálsum íþróttum á öllu landinu. Er vonandi, að hér verði ráðin bót í framtíðinni.

Frh.

Á Meistaramóti Íslands, sem fram fór í Rvík 25.-27. júlí og 26.-27. sept., hlaut U.M.S.K. 9 Íslandsmeistara, 7 í kvennagreinum og 2 í karlagreinum. Þessir urðu meistarar:
Trausti Sveinbjörnsson í 400 m.grindahlaupi, (55,75 sek.), Krístín Jónsdóttir í 100- og 200 m. hlaupi (12,7 sek. og 27,0 sek.), Kristín Björnsdóttir í 100 m grindahlaupi, (16,8 sek.) og í fimmtarþraut (2690 stig), Hafdís Ingimarsdóttir í 400 m hlaupi ( 65,2 sek.), Arndís Björnsdóttir í spjótkasti, (36,68m), Karl Stefánsson í þrístökki (14,64 m) og kvennasveitin í 4 x 100 m boðhlaupi á glæsilegu Íslandsmeti ( 52,2 sek.). Sveitina skipuðu Jensey Sigurðardóttir, Kristín Björnsdóttir, Hafdís Ingimarsdóttir og Kristín Jónsdóttir.

U.M.S.K. hlaut næstflesta meistara ( K.R. 10 ), en aftur á móti hlaut U.M.S.K. flest verðlaun. Sýnir þetta bezt hvað afrek frjálsíþróttafólks sambandsins eru orðin góð, jafnframt því sem breiddin eykst stöðugt. Er þetta glæsilegasta útkoma sem U.M.S.K. hefur nokkru sinni hlotið á M.Í.

Í Bikarkeppni F.R.Í. tókst frjálsíþróttafólkinu að ná 2. sæti ( K.R. nr. 1 ). Munaði 6 ½ stigi á U.M.S.K. og Í.R., sem hafnaði í 3. sæti. Er þetta bezti árangur U.M.S.K. í Bikarkeppninni, til þessa og sýnir útkoman úr tveimur síðasttöldu mótum, að sambandið er orðið 2. sterkasta frjálsíþróttafélag á landinu í dag. Stigahæztu einstaklingar í mótinu urðu Krístín Björnsdóttir í kvennagreinum ( 17 stig ) og Hafsteinn Jóhannesson í karlagreinum ( 12 stig ). Kvennasveitin í 4 x 100m boðhlaupinu bætti met sitt frá M.Í. verulega, hljóp á 51,8 sek. Sömu stúlkur hlupu í sveitinni.

U.M.S.K. átti einn keppanda í Landsliði Íslands sem þátt tók í Evrópubikarkeppninni í frjálsum íþróttum. Var það Trausti Sveinbjörnsson sem keppti í 400 m grindahlaupi og boðhlaupi, og stóð hann sig með miklum sóma.

Af innanhéraðsmótum ber helzt að nefna Héraðsmótið í Saltvík sem fram fór í lok júní og Meistaramót Kópavogs sem haldið var 10. og 11. september.

Auk þess tók yngra frjálsíþróttafólkið þátt í öllum helztu mótum í sínum aldursflokkum svo sem Unglinga- drengja- stúlkna- sveina- meyja- telpna og piltameistaramóti Íslands og Unglingakeppni F.R.Í. og verður helztu afreka hvers um sig getið hér á eftir í yfirliti yfir afrek einstaklinga.

Frh.

Strax á fyrstu mótum sumarssins kom í ljós, að frjálsíþróttafólkið ætlaði að láta að sér kveða, svo um munaði. Á vormótum í Reykjavík var t.d. algengt að stúlkur úr U.M.S.K. röðuðu sér í 2 til 3 fyrstu sætin í 100 m hlaupi og langstökki, svo dæmi séu nefnd. Á 17. júní mótinu í Rvík, átti U.M.S.K. sigurvegara í mörgum greinum.

Langflest frjálsíþróttafólk sambandsins, sem mest kveður að, er úr Breiðabliki í Kópavogi, að undanskildum 2 stúlkum úr Stjörnunni í Garðahreppi, sem mjög létu að sér kveða í sumar, eins og síðar kemur í ljós. En þar sem aðstaða til iðkunar frjálsra íþrótta í Garðahreppi er engin, urðu þær að eyða miklum tíma í að sækja æfingar í önnur byggðarlög og þá jafnvel til Reykjavíkur, 2var í viku allt sumarið svo sem frjálsíþróttafólk úr Kópavogi einnig gerði. Sýnir þetta e.t.v. betur en allt annað hversu mikið frjálsíþróttafólk leggur á sig til að árangur náist. Aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar í Kópavogi en nánast engin fyrir hendi og má kallast furðulegt, hvað lítill skylningur virðist ríkja meðal forráðamanna bæjarins fyrir málefnum frjálsíþróttafólks.

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks skipulagði 4 æfingar í viku 2 í Kópavogi og 2 á Melavelli í Reykjavík, En fyrir velvilja vallarstjóra í Rvík. fékk frjálsíþróttafólkið aðstöðu til æfinga þar. Allar þessar æfingar voru mjög vel sóttar og voru opnar öllum frjálsíþróttamönnum á sambandssvæði U.M.S.K. sem óskuðu, en aðeins stúlkurnar úr Garðahreppi sóttu þær að staðaldri, fyrir utan Kópavogsbúa.

Margir einstaklingar tóku þátt í svo til öllum frjálsíþróttamótum sumarssins og margir náðu frábærum árangri. Trausti Sveinbjörnsson Breiðabliki var í sérflokki hérlendis í sinni grein 400 m grindahlaupi og var valinn í landslið Íslands. Í Evrópubikarkeppninni hljóp hann á 56,3 sek. og á M.Í. á 55,7 sek. sem er bezti tími hans hérlendis, en hann hefði eflaust náð betri tíma við hagstæt veðurskilyrði. Einnig náði Trausti góðum árangri í 400 m. hlaupi 51,0 sek. og varði títil sinn í tugþraut á U.M.S.K. meistaramótinu, en á því móti hljóp hann 110 m grindahlaup á 16,5 sek., sem er Kópavogsmet. Hann varð annar á M.Í. í 400 m hlaupi og 200 m.

Hafsteinn Jóhannesson, Breiðabliki, tók stórstígum framförum á árinu í mörgum greinum. Hann setti U.M.S.K. met í hástökki, 1,80 m, hljóp 110 m grindahlaup á 16,2 sek. (meðvindur) kastaði spjóti 48,04 m, stökk 1,82 m í hástökki innanhúss, og á M.Í. hlaut hann 5.525 stig í tugþraut, sem er ágætt afrek. Þetta sýnir að hann er mjög fjölhæfur íþróttamaður og líklegur til stærri afreka. Í Bikarkeppni F.R.Í. náði hann sérlega góðum árangri og var stigahæzti einstaklingur í karlaliði U.M.S.K. Sýndi hann þá oft mikið keppnisskap, þegar á reyndi.

Þorsteinn Alfreðsson keppti ekki eins mikið í sumar og undanfarin ár, en hann setti þó glæsilegt met í kringlukasti, 50,60 m, sem er mjög glæsilegt afrek og bezta U.M.S.K. metið skv. núgildandi stigatöflu. Hann var 2. bezti kringlukastari á landinu.

Frh.

Af yngri mönnunum bar mest á Böðvari Sigurjónssyni, Breiðabliki, en hann er enn í sveina flokki. Á Sveinameistaramóti Íslands sigraði hann í 400 m- og 800 m hlaupi og varð 2. í 200 m ( 24,6 sek. ). Hann náði á þessu móti sínum bezta tíma í 400 m hlaupi, 54,1 sek. Í Unglingakeppni F.R.Í. hljóp hann 800 m á 2:03,7 mín. Þessi afrek eru frábær hjá svo ungum pilti. Hann náði einnig góðum árangri í fleiri greinum t.d. 100 m hlaupi 11,7 sek. (meðvindur). Ekki er mér kunnugt um að út hafi komið afrekaskrá sveina innan U.M.S.K., en örugglega á Böðvar mörg met í þeim aldursflokki.

Helgi Sigurjónsson, bróðir Böðvars, náði ágætum árangri í 800 m hlaupi á Unglingakeppni F.R.Í. 2:02,2 mín, en það er 2. bezti tími hjá U.M.S.K. frá upphafi.

Þriðji bróðirinn Ragnar, hljóp 3,000 m á 9:42,5 mín., sem er frábært hjá 15 ára pilti. Er óskandi , að bræðurnir allir haldi áfram æfingum af krafti, því ekki skortir þá hæfileikana.

Karl West, Breiðabliki, er mjög efnilegur íþróttamaður, en sökum meiðsla gat hann ekki stundað æfingar sem skyldi, en vann þó mörg góð afrek. T.d. setti hann U.M.S.K. met í hástökki innanhúss, 1,85 m og varpaði karlakúlu 12,07 m. Hann sigraði í hástökki (1,75 m ) og stangarstökki ( 3,10 m ) á Unglingakeppni F.R.Í. Hann varð 2. stigahæstur drengja á því móti.

Steinþór Jóhannsson, Breiðabliki er okkar efnilegasti langhlaupari. Hann varð 2. stigahæstur drengja á því móti.

Kvennalið U.M.S.K. var mjög sterkt á árinu, en af árangri þeirra ber hæst Íslandsmeti í 4 x 100 m boðhlaupinu, sem þær tvíbættu á árinu, eins og fyrr segir, en það er nú 51,8 sek. Í þeirri grein höfðu stúlkurnar mikla yfirburði á hverju móti, sem þær tóku þátt í. Í kvennagreinum hlaut U.M.S.K. 7 Íslandsmeistara og í Bikarkeppni F.R.Í. hlaut kvenfólkið 57 stig af 63 stigum mögulegum, en slíkt sýnir ótrúlega yfirburði.

Kristín Björnsdóttir, Stjörnunni, sýndi mjög miklar framfarir á árinu, enda er þetta 1. árið sem hún leggur verulega rækt við frjálsar íþróttir. Hún var þrefaldur Íslandsmeistari í 4 x 100m boðhlaupi. Bikarmeistari í langstökki (5,25 m) og önnur þar í 100 m grindahlaupi og hástökki 2. á M.Í. í langstökki (4,99 m). Hún sigraði í langstökki á Alþjóðamótinu á Laugarvatni og setti íslenzkt meyjamet, (5,25 m). Í Unglingakeppni F.R.Í. sigraði hún í 100 m grind og langstökki. Hún setti 4 U.M.S.K. met á árinu, 2 í hástökki,(1,45 m ) og ( 1,49 m) í 100 m. grindarhlaupi, á 16,8 sek. og í langstökki 5,25 m. Þessi frábæri árangur 15 ára stúlku sýnir, að hér er óvenjumikið efni á ferðinni, sem mikils má af vænta í framtíðinni. Í Bikarkeppni F.R.Í. var hún stigahæst hjá U.M.S.K. með 17 stig.

Kristín Jónsdóttir, Breiðabliki, var enn sem fyrr bezt í 100 m hlaupi á landinu. Hún varð Íslandsmeistari í þeirri grein (12,7 sek.) og 200 m hlaupi (27,0 sek.). Hún á bezta árstíma í báðum þessum greinum. Þá var hún sterkasti hlekkurinn í boðhlaupssveitinni ósigrandi. Hún jafnaði Íslandsmet sitt í 100 m (12,6) og U.M.S.K. met sitt í 200 m (26,5 sek.). Ekki er að efa, að hún gæti bætt Íslandsmetin sín í þessum greinum verulega ef hún æfði betur yfir vetrarmánuðina. Hún sigraði í 100 m á Hátíðamóti Í.S.Í. ( 12,4 sek., meðvindur )og varð Bikarmeistari í 100 m og 200 m hlaupi.

Hafdís Ingimarsdóttir, Breiðabliki, sem er aðeins 12 ára gömul, náði frábærum árangri í mörgum greinum á árinu. Hún varð Íslandsmeistari í 400 m hlaupi, (65,2 sek,) sem er 2. bezti tími sem náðst hefur innan U.M.S.K. og einnig var hún í 4 x 100 m boðhlaupssveitinni. Hún var yngst allra, sem urðu Íslandsmeistarar 1970. Hún sigraði í 100m (12,9 sek.) og langstökki(5,oo m) á telpnameistaramóti Íslands og í boðhlaupssveitinni sem sigraði. Þá sigraði hún í langstökki á 17. júnímótinu og setti U.M.S.K. met í langstökki innanhúss (4,81m). Hún varð einnig sigursæl á fleiri mótum og þá sérstaklega vormótunum. Áhugi hennar við æfingar hefur verið til fyrirmyndar eins og raunar hinna stúlknanna.

Björg Kristjánsdóttir, Breiðabliki, tók mjög stórstigum framförum á árinu, sérstaklega í langstökki. Er hún eitt allra mesta efni sem fram hefur komið í þeirri grein hérlendis. Hún varð önnur í langstökki á Alþjóðamótinu á Laugarvatni, eftir harða keppni við Kristínu Björnsdóttur. Þar setti Björg íslenzkt telpnamet, (5.15 m) sem er langbezti árangur sem íslenzk stúlka hefur náð í þessum aldursflokki, og frábært afrek hjá 14 ára stúlku. Einnig náði hún ágætum árangri í fleiri greinum, varð t.d. 2. á Meistaramóti Íslands í 400 m hlaupi á 65,5 sek., stökk 1,40 m í hástökki og hljóp 100 m á 12,4 sek.

Arndís Björnsdóttir, Breiðabliki, var ósigrandi í spjótkasti á árinu og má segja, að Íslandsmet hennar, 38,52 m, hafi verið í hættu, í hvert skipti, sem hún kastaði. Lengst kastaði hún 36,80 m á árinu, þ.e. Bikarkeppni F.R.Í., hún varð Íslandsmeistari með 36,63 kasti. Þess má geta að Íslandsmet hennar er bezta kvennametið hjá U.M.S.K. skv. stigatöflu.

Jensey Sigurðardóttir, Breiðabliki, tók stórstígum framförum í spretthlaupunum á árinu. Óvæntasta sigurinn vann hún á Meistaramóti Kópavogs, er hún sigraði hlaupadrottninguna, Kristínu Jónsdóttur í 100 m hlaupi á 12,1 sek. Þess má geta, að það var í fyrsta skipti, sem Kristín tapar 100 m hlaupi fyrir íslenskri stúlku. Jensey hljóp ávallt 1. sprett í boðhlaupssveitinni sigursælu. Hennar beztu afrek eru: 12,6 sek. í 100 m og 27,8 sek. í 200 m og 4,69 m í langstökki. Með afrekum sínum á árinu, hefur hún skipað sér í röð fremstu spretthlaupara landsins.

Gunnþórunn Geirsdóttir, Stjörnunni, stórbætti árangur sinn í kúluvarpi á árinu og setti íslenzkt meyjamet, 9,76 m, en það er langbezti árangur sem 15 ára stúlka hefur náð hérlendis. Hún sigraði með yfirburðum á Stúlknameistaramóti Íslands á Akureyri (9,55 m) og einnig á Meyjameistaramóti Íslands. Hún ásamt Kristínu Björnsdóttur sýndi mikinn dugnað og áhuga við að sækja æfingar 4 sinnum í viku ýmist í Kópavogi eða Reykjavík. Ekki er að efa, að Gunnþórunn nálgast Íslandsmetið í greininni mjög fljótlega.

Alda Helgadóttir, Stjörnunni var bezti kúluvarpari á sambandssvæðinu á árinu og kastaði lengst 10,24 m, sem er eitt bezta afrekið á árinu hérlendis. Hún varð Bikarmeistari (10,15 m). Hún náði einnig sínum bezta árangri í 100 m grindahlaupi (17,2 sek.) og náði ágætum árangri í spjótkasti, var 2. bezt á landinu í þeirri grein. Með meiri æfingu mundi hún ná mun betri árangri.

Fleiri kepptu fyrir sambandið á árinu og náðu athyglisverðum árangri og má t.d. nefna Gunnar Snorrason, Magnús Jakobsson, Karl Stefánsson, Helga Hauksson, Erling Jónsson, Soffíu Ingimarsdóttur og Einar Óskarsson.

Hér að framan hefur lauslega verið minnst á afrek þeirra, sem helzt sköruðu fram úr í frjálsum íþróttum innan U.M.S.K. á árinu 1970 en eflaust hefur eitthvað fallið niður, sem betur hefði mátt fljóta með.

Oft heyrist því fleygt, að íþróttafólk U.M.S.K. nái ótrúlega góðum árangri, miðað við þær aðstæður sem það býr við. Hér kemur margt til, svo sem góður félagsandi og mikil samheldni og það vill nú einu sinni verða svo, að góðar aðstæður byggja ekki alltaf upp afreksmanninn. Um það vitna hin fjölmörgu dæmi bezt. Hér er það fyrst og fremst áhuginn, sem ræður ferðinni.

6. Skólahlaupið

U.M.S.K. stóð fyrir hinu árlega víðavangshlaupi skóla. Að þessu sinni fór hlaupið fram á Seltjarnarnesi og varð þáttaka ekki eins góð og oft áður og er þar ýmsu um að kenna. Hlaupið var með sama sniði og undanfarið og sigraði Kópavogsskóli í stigakeppninni eins og undanfarið.

7. Sund.

Sund er stundað svotil eingöngu af Breiðablik í Kópavogi.

Stjórn sunddeildar skipa:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Steinar Lúðvíksson |
| Varaformaður: | Guðfinna Helgadóttir |
| Ritari: | Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir |
| Gjaldkeri: | Ólöf Guðmundsdóttir |
| Spjaldskrár.: | Halldór Jónsson |
| Varastjórn: | Stefán Stefánsson |
| | María Einarsdóttir |
| | Soffía Bragadóttir |

Starf deildarinnar var eins og áður aðalega sundæfingar og hafa þær verið 2 - 5 á viku. Þjálfari hefur verið Steinar Lúðvíksson að undanskyldum stuttum tíma í sumar er Helga Haraldsdóttir sá um æfingar.

Annað félagsstarf á árinu var stutt kvikmyndasýning um sund, 2 stuttir fundir og diskótek. Einnig var farið í 4 daga ferð austur í Hrunamannahrepp og dvalist í sumarbústað. Þar stundaði hópurinn sundæfingar, þetta var einnig skemmtiferð og var m.a. farin skoðunarferð að Heklueldum.

Sunddeildin tók þátt í 10 sundmótum auk sundmóts Kópavogs og innanfélagsmóta, stæðstu mótin voru: Sundmeistaramót Íslands Unglingameistaramót Íslands og tvö stór mót á Íþróttahátíð. Beztu árangrar sem sundfólk okkar náði á þessum mótum urðu sem hér segir, Steinunn Ferdinandsdóttir varð no. 2 í 50 m bringus. telpna á Unglingam.móti Íslands og einnig no. 2 í 100 m bringus. á sundmóti Íþróttahátíðar.

Stefán Stefánsson varð no. 2 í 100 m baksundi drengja á Unglingam.móti Íslands aðeins 2 landsliðsmenn á undan honum.

Óli Guðjón Ólafsson náði 4 sæti í 100 m skriðsundi á íþróttahátíðinni .

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir varð no. 5 í 50 m baksundi á sama móti, einnig náði Þorgerður Jónsdóttir 5 sæti í 50 m flugsundi á Unglingam.móti Íslands.

Boðsundsveitir stóðu sig all vel m.a. átti Breiðablik 1 sveit í 4 x 50 m bringusundi á íþróttahátiðinni, í þeirri sveit voru: Steinunn, Kristín,Bjarnfríður og Þorgerður.

Bæjarkeppni í sundi við Hafnarfjörð hefur ekki getað farið fram ennþá en verður vonandi mjög bráðlega.

Frh.

Hvergerðingar hafa boðið okkur austur til keppni og mun hún fara fram 8. nóvember.

Sundsamband Íslands hefur nú í fyrsta skipti valið stórt landslið í sundi og eru í því 27 beztu sundmenn landsins Stefán Stefánsson er einn af þessum 27 og er þegar byrjaður æfingar með landsliðinu.

Sundmót U.M.S.K. var haldið í Kópavogi 7 júní og átti Breiðablik átta sigurvegara á mótinu og vann bikar þann sem keppt er um í annað sinn í röð enda var mótstaðan lítil.

Sundmót Kópavogs var haldið 24. maí og voru þáttakendur 30 árangur var all góður í mörgum greinum enda hafa framfarir verið þó nokkrar á árinu.

Til gamans má geta þess að ný Kópavogsmet hafa verið sett 54 á árinu og 12 af 19 U.M.S.K. metum hafa verið bætt.

Ef svona heldur áfram næstu árin er ekki ástæða til annars en að vera bjartsýnn.

## 8. Handknattleikur.

Eins og á síðasta starfári hefur handknattleikur farið mjög vaxandi innan þeirra 4 félaga er hann stunda.

Annað innanhússmót U.M.S.K. í handknattleik fór fram í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi þann 25. apríl. Þrjú félög tóku þátt í mótinu og sendu þau öll 2. flokk kvenna og 1,2,3 og 4 flokk karla. Keppt var um farandgrip sem gefinn var af Álafossi, en auk þess veitti UMSK sigurvegaranum viðurkenningu. Í 2 flokki kvenna sigraði Breiðablik, í 3 og 4 flokki karla sigraði Stjarnan, en í 1 og 2 flokki sigraði Grótta.

Úrslit urðu þau að Grótta hlaut 12 stig, Stjarnan 11 stig og Breiðablik 7 stig.

Í Reykjanesriðli Íslandsmótsins tóku þátt 5 flokkar frá Stjörnunni en 6 flokkar frá Breiðablik og Gróttu. Útkoma var nokkuð misjöfn, en lið Gróttu í 3. flokki kvenna sigraði sinn riðil og komst í úrslit á móti Víking úr Suðurlandsriðli og Völsungum úr Norðurlandsriðil. Völsungar sigruðu.

Breiðablik tók þátt í I deild meistaraflokks kvenna, en féll niður í II deild.

Í II deild meistaraflokks karla tóku þátt Grótta og Breiðablik. Grótta náði 3 sæti með 11 stig, en Breiðablik 6. sæti með 2 stig.

Breiðablik og Grótta tóku einnig þátt í Reykanesmóti sem nú var haldið í fyrsta sinn fyrir meistaraflokkana, ásamt F.H., Haukum og Í.B.K.

## 9. Knattspyrna

Vinsældir knattspyrnu eru nú miklar og er hún stunduð af 4 félögum sambandsins.

Annað innanhússmót U.M.S.K. fór fram á Seltjarnarnesi þann 1. maí og varkeppt í 2,3,4 og 5 flokki. Úrslit urðu þau að Breiðablik sigraði með 24 stigum, en Grótta hlaut 8 stig. Stjarnan gat ekki tekið þátt í mótinu að þessu sinni.

Í meistaraflokki karla er lið Breiðabliks í Kópavogi eina liðið, frá U.M.S.K., en á keppnistímabilinu náði Breiðablik þeim frábæra árangri að vinna sig upp í I deild í Íslandsmótinu.

Hér er um lofsverðan árangur að ræða hjá Breiðabliksmönnum sem ætti að vera öðrum félögum sambandsins hvatning. Þjálfun meistaraflokks Breiðabliks annaðist Reynir Karlsson og fórst honum það vel úr hendi.

Svokallað Gróttumót hefur verið haldið fyrir 5 flokk að loknu Íslandsmóti og UMSK móti. Í Gróttumótinu tóku þátt Breiðablik, Grótta, Stjarnan, F.H., Í.R., og Í.B.K. Í úrslitaleik sigraði Breiðablik Keflvíkinga með 2 mörkum gegn 1.

U.M.S.K. mótið sem haldið er að loknu Íslandsmóti, var með þáttöku Breiðabliks, Stjörnunnar, Gróttu og Aftureldingar í 3, 4 og 5 flokki.

Í 3 flokki sigraði Breiðablik, í 4 flokki sigraði Grótta, en í 5 flokki vann Breiðablik.

Breiðablik og Grótta sendu bæði meistaraflokk á Íslandsmót innanhúss, en árangur varð misjafn.

Reykjanesmót var haldið í öllum flokkum félaganna á Reykjanessvæðinu og gekk félgöum sambandsins þar vel.

10. Körfuknattleikur.

Körfuknattleikur mun einungis iðkaður innan Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 11.10.
Í stjórn voru kosnir:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Kristinn Ó. Magnússon |
| Varaformaður: | Róbert Eyjólfsson |
| Ritari: | Einar Guðmundsson |
| Gjaldkeri | Gylfi Sveinsson |
| Spjaldskrárr. | Hallgrímur Axelsson |
| Varamenn | Hilmar Ingólfsson |
| | Sigurður Þ. Guðmundsson |

Aðeins einn þjálfari var á launum hjá deildinni, en hann starfaði aðeins hluta úr vetri. Var það Sigurður Gíslason, sem þjálfaði meistaraflokk.

Þjálfarar annarra flokka voru Gylfi Sveinsson með 2. flokk og Kristinn Ó. Magnússon með 3. flokk.

Í fyrsta skipti leituðu körfuknattleiksmenn í Kópavogi ekki út fyrir bæinn að æfingaaðstöðu. Fyrri hluta vetrar var æft í íþróttahúsinu við Kópavogsskóla, en síðan var hluti æfinganna fluttur í Kársnesskóla, þegar íþróttahúsið þar komst í gagnið, sem var þó vonum seinna.

Fjórir flokkar voru sendir í Íslandsmót, meistarafl., 1. fl., 2.fl. og 3.fl. Meistarafl. lék fjóra leiki og tapaði öllum, enda í riðli með þeim tveimur liðum, sem vou langsterkust í annarri deild.
1. fl. tapaði að vanda. 2. fl. var algjörlega skipaður nýliðum, enda hafði enginn 3. fl. verið til árið áður. Var því ekki hægt að vænta sigra úr þeirri átt. 3.fl. lauk ekki sínum leikjum í mótinu, vegna afar lélegs skipulags á Íslandsmótinu í þeim flokki. Þegar liðið hætti þátttöku hafði það unnið U.M.F.M. óg átti eftir heimaleik við það lið og við einni kæru hafði ekki borizt svar, en í því til tilfelli mætti mótherjinn ekki til leiks.

Auk þess tók meistarafl. þátt í bikarkeppni K.K.Í., sem haldin var í sumar.

11. <u>Glíma.</u>

Glíma var aðallega iðkuð hjá U.B.K. en lítilsháttar hjá öðrum félögum.

Glímudeild U.B.K. sendi keppenda á landsflokkaglímuna og glímumót Sunnlendingafjórðungs. Var það Ívar Jónsson U.B.K., sem þátt tók í báðum mótunum fyrir hönd U.M.S.K.

12. <u>Skák.</u>

Skák er nú nokkuð iðkuð innan U.M.S.K., mest í Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Á þessum stöðum eru nokkrir mjög góðir eldri skákmenn auk fjölda ungra efnilegra skákmanna. Skáksveit frá U.M.S.K. tók þátt í hinu árlega skákmóti U.M.F.Í. Í undanrásum stóðu liðsmenn U.M.S.K. sig með miklum ágætum og sigruðu Ungmennasamband Borgarfjarðar með 3 vinningum gegn 1 og Héraðssambandið Skarphéðinn með 2 ½ gegn 1 ½ og unnu sér þar með rétt til þáttöku í úrslitakeppninni.

Úrslitakeppnin fór fram á Akureyri 22. nóvember s.l. í umsjá U.M.S.E. Rétt til þáttöku höfðu sveitir frá U.M.S.K., U.M.S.E., og U.S.D., en Dalamenn sáu sér ekki fært að mæta til leiks.

Úrslit urðu þau að U.M.S.K. sigraði U.M.S.E. með 2 ½ v. gegn 1 ½ v.

U.M.S.K. hlaut því titilinn skákmeistari U.M.S.I. 1970 Í skáksveit U.M.S.K. voru:

Jónas Þorvaldsson<br>
Lárus Johnsen<br>
Júlíus Friðþjófsson<br>
Ari Guðmundsson.

13. Héraðshátíð

Dagana 27. og 28. júní var haldin héraðshátíð U.M.S.K.að Saltvík á Kjalarnesi. Byggt var á þeirri reynslu sem fékkst er héraðshátíðin var haldin á sama staða í fyrra. Nokkuð var samt aukið við og var skemmtunin öll stærri í sniðum en þá. Megin breytingin var samt sú að héraðshátíðin stóð í tvo daga. Keppt var í undanrásum frjálsra íþrótta á laugardagseftirmiðdag og einnig í handknattleik kvenna, en þar áttust við lið Íslandsmeistara Fram og lið U.M.S.K. og sigruðu þær fyrrnefndu. Keppni var bæði skemmtileg og spennandi í mörgum greinum frjálsra íþrótta, en það jók mjög á spennuna að keppt var um bikar, sem vannst fyrir flest stig í þremur greinum samtals. Það var Gestur Guðmundsson formaður Breiðabliks, sem gaf bikarinn og fylgir honum eftirfarandi reglugerð,( um bikar þennan skal keppt á héraðshátíð U.M.S.K. og hlýtur hann sá er flest stig fær í þremur greinum samtals, stigin skulu reiknuð þannig, fimm stig fyrir fyrsta sæti,síðan þrjú, tvö og eitt. Verði tveir eða fleiri jafnir að stigum skal farið eftir ágæti afrekanna samkvæmt gildandi stigatöflu á hverjum tíma, og ræður þá bezta afrek í einni grein. Bikarinn vinnst til eignar hafi sami maður hlotið hann þrjú skipti í röð eða fimm sinnum alls. Allir hafa sama rétt til keppni um bikar þennan bæði karlar og konur, keppi þeir undir nafni U.M.S.K.) Kann stjórn U.M.S.K., Gesti beztu þakkir fyrir óg óskar þess að bikarinn eigi eftir að stuðla að bættum árangri íþróttafólks og skemmtilegri keppni milli einstaklinga í ólíkum greinum á héraðshátíð U.M.S.K.

Laugardagsdagsskránni lauk með unglingadansleik um kvöldið. Mikill fjöldi unglinga sótti dansleikinn og fór hann vel fram, svo löggæzlumenn höfðu lítið að starfa. Um miðnætti var eldur borinn að bálkesti er hlaðinn hafði verið í fjörunni neðan við bæinn. Þar hópaðist fólkið saman og skemmti sér við söng og gítarspil í bjarma eldsins.

Fyrirhugað var að sunnudagsdagsskráin yrði sambland af skemmtiatriðum og íþróttakeppni, en aðstæður í Saltvík gerðu það að verkum að ekki var hægt að blanda þessu saman, því var það ráð tekið að ljúka íþróttum fyrst á íþróttavellinum sem er spölkorn vestan við bæinn, en hafa önnur dagsskráratriði heima við bæ. Keppt var til úrslita í nokkrum greinum frjálsra-íþrótta og einnig léku lið Vals og U.M.S.K. í þriðja flokki knattspyrnu og sigraði Valur.

Trausti Sveinbjörnsson, Breiðabliki varð stigahæstur einstaklinga á mótinu, hlaut 15 stig og mun bikarinn áðurnefndi því verða í hans vörzlu þar til næsta sumar. Um það leyti sem skemmtidagsskráin skyldi hefjast, breyttist veður, sem annars hafði verið gott, í nokkurn rigningarsudda, olli það nokkurri röskun á tímasetningu atriðanna, og eitt atriði féll niður en það var ávarp Hafsteins Þorvaldssonar formanns U.M.F.Í. en það stafaði af því að hljómburðartæki þau er fengin voru að láni máttu ekki vökna og ekki var aðstaða til að hafa atriði þetta innan dyra. Biður stjórn U.M.S.K. Hafstein velvirðingar á þessum mistökum.

Eitt af þeim atriðum sem mesta athygli vöktu á héraðshátíðinni var keppni í reiptogi milli liða frá Gullbringusýslu annars vegar og Kjósarsýslu hins vegar. Fyrirhugað var að liðin yrðu skipuð hreppsnefndarmönnum og að sex menn úr bæjarstjórn Kópavogs styrktu lið Gullbringusýslu. Nokkur vanhöld urðu á að þeir mættu sem boðaðir höfðu verið og hlupu þá vaskir sveitungar í skarðið. Lið Kjósasýslu sýndi greinilega yfirburði og dró lið andstæðinganna tvívegis yfir marksnúruna.

14. Reglugerð

Fyrir afreksbikar, gefinn af Gesti Guðmundssyni, Kópavogi, til eflingar frjálsra íþrótta á sambandssvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings ( U.M.S.K.)

Keppa skal um bikarinn á árlegu héraðsmóti U.M.S.K. í frjálsum íþróttum, í fyrsta skipti sumarið 1970.

Sá einstaklingur, sem flest stig hlýtur í -3- greinum samanlagt, hlýtur bikarinn til varðveizlu fram að næsta héraðsmóti á eftir.

Sé tveir eða fleiri einstaklingar jafnir að stigum, skal sá hljóta bikarinn, sem flest stig fær samanlagt úr viðkomandi greinum. Skal þá farið eftir stigatöflu, sem í gildi er hverju sinni.

Bikarinn vinnst til eignar, ef sami einstaklingur vinnur hann þrisvar í röð eða fimm sinnum alls.

15. Framlög til U.M.S.K.

Á liðnu ári, voru aðaltekjur U.M.S.K. svipaðar og árið áður, það er, fjárframlög hreppa og sýslusjóða.

| | |
|---|---|
| Sýslusjóður Kjósarsýslu | 75.000.00 |
| Sýslusjóður Gullbringusýslu | 40.000.00 |
| Úr bæjarsjóði Kópav.og hreppsjóðum | 75.000.00 |

Öllum þessum aðilum ber að þakka sérstaklega, þann skilning og velvilja, sem þeir á þennan hátt hafa sýnt U.M.S.K. og gert því þannig kleyft að starfa á þeim grundvelli, sem verið hefur.

## REKSTURSREIKNINGUR UNGMENNASAMBANDS

### Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **I. Skattar og iðgjöld:** | | | | |
| 1. Skattar 5o3 fél. á 15/- ......... | Kr. | 7.545.00 | | |
| 2. Slysasjóðsgjald 5o3 fél. á lo/- . | " | 5.030.00 | | |
| 3. Landsmótsskattur 5o3 fél. á 15/- | " | 7.545.00 | Kr. | 20.120.00 |
| **II. Styrkir:** | | | | |
| 1. Kjósarsýsla ..................... | Kr. | 75.000.00 | | |
| 2. Gullbringusýsla ................. | " | 40.000.00 | | |
| 3. Kjósarhreppur ................... | " | 7.500.00 | | |
| 4. Kjalarneshreppur ................ | " | 2.500.00 | | |
| 5. Mosfellshreppur ................. | " | 10.000.00 | | |
| 6. Seltjarnarneshreppur ............ | " | 15.000.00 | | |
| 7. Kópavogskaupstaður .............. | " | 30.000.00 | | |
| 8. Garðahreppur .................... | " | 10.000.00 | | |
| 9. Útbreyðslustyrkur Í.S.Í. ........ | " | 6.959.00 | " | 196.959.00 |
| **III. Vextir:** | | | | |
| 1. Af sparisjóðsbók no. 17352 ...... | Kr. | 30.20 | | |
| 2. Af ávísanareikningi ............. | " | 339.75 | | 369.95 |
| **IV. Héraðshátíð:** | | | | |
| 1. Innkomið í aðgangseyri | Kr. | 81.000.00 | " | 81.000.00 |
| **V. Aðrar tekjur:** | | | | |
| 1. Seld afrekaskrá | Kr. | 300.00 | | |
| 2. Skuld Aftureld. frá f. ári | " | 4.530.00 | | |
| 3. Skuld Þórðar G. frá f. ári | " | 510.00 | " | 5.043.00 |
| Peningar frá fyrra ári ............. | | | " | 10.962.35 |
| | | | Kr. | 314.454.30 |

## KJALARNESÞINGS ÁRIÐ 1970:

### Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **I. Skattar og iðgjöld:** | | | | |
| 1. Skattur til U.M.F.Í. 1969 ...... | Kr. | 2.655.00 | | |
| 2. Skattur til Í.S.Í. 1969 ........ | " | 3.265.00 | | |
| 3. Slysasjóðsgjald 1969 ........... | " | 6.530.00 | Kr. | 12.450.00 |
| **II. Stjórnarkostnaður:** | | | | |
| 1. Laun - Framkvæmdastjórn ......... | Kr. | 70.000.00 | | |
| 2. Skinnfaxi 2oo eintök ........... | " | 3.000.00 | | |
| 3. Póstur og sími ................. | " | 2.411.80 | | |
| 4. Fjölritun, ritföng o.fl. ....... | " | 26.703.25 | " | 102.115.o5 |
| **III. Íþróttir:** | | | | |
| 1. Verðlaun ....................... | Kr. | 16.294.00 | | |
| 2. Fararkostn. íþróttafólks ....... | " | 21.780.00 | | |
| 3. Húsaleiga ...................... | " | 6.403.00 | " | 44.477.00 |
| **IV. Héraðshátíð:** | | | | |
| 1. Auglýsingar .................... | Kr. | 23.468.00 | | |
| 2. Skemmtikraftar ................. | " | 32.500.00 | | |
| 3. Akstur vegna Héraðshátíðar ..... | " | 5.567.00 | | |
| 4. Veitingar ...................... | " | 1.275.00 | | |
| 5. Efni ........................... | " | 2.500.00 | | |
| 6. Gæzlustörf ..................... | " | 7.100.00 | " | 72.410.00 |
| **V. Annar kostnaður:** | | | | |
| 1. Víxilkostnaður ................. | Kr. | 2.551.00 | | |
| 2. Afmælisgjöf til U.M.F. Breiðabl. | " | 2.930.00 | | |
| 3. Ýmislegt ....................... | " | 939.00 | " | 6.420.00 |
| Afborgun af víxli í Samv.b. .... | | | " | 15.000.00 |
| | | | Kr. | 252.872.05 |
| Mismunur | | | " | 61.582.75 |
| | | | Kr. | 314.454.80 |

EFNAHAGSREIKNINGUR UNGMENNASAMBANDS

EIGNIR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Íþróttaáhöld.................. | Kr. 3.675.00 | | |
| ÷ 10% afskrift................. | " 367.50 | Kr. | 3.307.50 |
| 2. Borðfánar..................... | Kr. 868.00 | | |
| ÷ 10% afskrift................. | " 86.80 | " | 781.20 |
| 3. Félagsfáni og stöng........... | Kr. 2.057.20 | | |
| ÷ 10% afskrift | " 205.70 | " | 1.851.50 |
| 4. Íþróttabúningur............... | Kr. 1.165.00 | " | 1.165.00 |
| 5. Peningar: | | | |
| a. Sparisjóðsbækur............. | Kr. 9.003.40 | | |
| B. Ávísanareikningur.......... | " 45.797.50 | | |
| c. Fé hjá Féhirði............. | " 6.781.85. | " | 61.582.75 |
| 6. Útistandandi skuldir: | | | |
| a. Einstaklingar.............. | Kr. 4.515.00 | | |
| b. U.M.F. Drengur 73 fél. ´70.. | " 2.920.00 | | |
| c. U.M.F. Kjalarness 25 fél.´70 | " 1.000.00 | | |
| d. Íþróttafél. Grótta 90 fél. ´70................ | " 3.591.00 | | |
| e. UMF Aftureld. 110 fél. ´70.. | " 4.400.00 | | |
| f. UMF Stjarnan 37 fél. ´70.... | " 1.480.00 | | |
| g. UMF Bessast.hr. 41 fél. ´69-´70........... | " 3.280.00 | " | 37 29.386.00 |
| | | Kr. | 98.073.96 |
| | | Kr. | 106.273.95 |

KJALARNESÞINGS ÁRIÐ 1970

SKULDIR:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Samvinnubankinn................ | Kr. | 20.000.00 | | |
| 2. Opinber gjöld.................. | " | 4.411.00 | Kr. | 24.411.00 |
| | Hrein eign | | " | 72.662.95 |
| | | | Kr. | 98.073.95 |

Guðmundur Gíslason
gjaldkeri.

Hef yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

5. nóvember 1970
Ólafur Ág. Ólafsson

Hef yfirfarið reikinginn og tel hann réttan en skrá vantar yfir íþróttaáhöld og muni, sem eru eignfærð.

8. nóvember 1970
Guðjón Hjartarson

# L O K A O R Ð

Við undirbúning og lestur ársskýrslu U.M.S.K. 1970, sem hér má sjá mun mörgum félaga og lesanda ríkt í huga, hvort hún beri með sér, að samtök okkar hafi skilað því starfi og þeim árangri, sem við vildum og óskuðum við upphaf starfsárs.

Um þetta verða án efa skiptar skoðanir en til þess er þessi skýrsla gerð, að hún á að gefa sem flestum færi á að meta með nokkrum kunnleika það verk sem unnið hefir verið. Reynt er að forðast nákvæmar upptalningar og málalengingar en leitast við að móta svipmynd af félagsstarfinu með því að stikla á stóru.

Íþróttahátíð 1970 í Laugardal með myndarlegri þátttöku félaga úr U.M.S.K.

Héraðshátíð í Saltvík, ásamt fjölda móta og kappleikja, sem einstaklingar og hópar innan sambandsins hafa tekið þátt í er meðal þess sem við minnumst fyrst og gleggst. Meðal annars af því að í fréttum af þessum samkomum höfum við einatt notið þess að heyra sambandsfélaga getið að góðu. ( og þeirra hefir aldrei verið getið nema að góðu).

Kannske er það þetta sem gefur okkur mestan kjark til að reyna að halda í horfinu. Gefur okkur kjark til að biðja áfram um fulltingi góðra manna í sveit, bæ og sýslu til þess að vinna á næsta ári og næstu árum ennþá betur og meir en á liðnu ári.

Við vitum og viljum, að sem flestir viti að þótt við gjörum alltof lítið og margt hafi mátt betur fara, þá erum við á réttri leið.

Því miður verður ekki greint í þessari skýrslu frá því starfi einstakra félaga, sem e.t.v. er þó mikilsverðast, en það er marghattuð félagsstarfsemi, sem lætur lítið yfir sér út á við en orkar hverjum og einum drjúgt til gæfu. Hvort sem miðað er að auknu félagsstarfi, útgáfu ófullkominnar ársskýrslu, eða þátttöku í landsmóti ungmennafélaga á komandi sumri, skal heitið á alla félaga og velunnara U.M.S.K. að vinna betur og meir en áður, þannig gerum við sem flesta að mönnum og góðum Íslendingum.

F.h. stjórnar U.M.S.K.

Pétur Þorsteinsson
formaður.

Guðmundur Gíslason
gjaldkeri.